

Orkuveita Reykjavíkur  
Pórhallur Ágúst Ívarsson  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

2005100051  
0000; 9310

Reykjavík, 22. febrúar 2006  
/--

### **Efni: Gaslögn frá Álfsnesi að Bíldshöfða í Reykjavík. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Orkuveitu Reykjavíkur dags. 29. desember 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framkvæmd við gaslögn frá Álfsnesi að Bíldshöfða í Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Brunamálastofnunar, Fornleifaverndar ríkisins, Landbúnaðarstofnunar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Umhverfisstofnunar og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 1. febrúar 2006, Brunamálastofnun með bréfi dags. 15. febrúar 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. janúar 2006, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 19. janúar 2006, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins með bréfi dags. 17. janúar 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. febrúar 2006 og Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 1. febrúar 2006.

Frekari upplýsingar bárust frá Orkuveitu Reykjavíkur með bréfum dags. 20. og 24. janúar og 13. og 21. febrúar 2006.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd.**

Fram kemur að framkvæmdin felist í lagningu 10 km langrar gaslagnar til flutnings á metangasi frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, um Sorpu í Gufunesi og að metanáfyllingarstöð Olíufélagsins við Bíldshöfða. Lögnin mun liggja frá gasgeymum hreinsistöðvar Metans hf. í Álfsnesi að sjó í austanverðu Álfsnesi, á sjávarbotni að Geldinganesi, á land við Eiðið við Geldinganes og þaðan þvert yfir Gufunes ofan á skolplögn sem þar er, að lóð Sorpu í Gufunesi. Frá lóð Sorpu í Gufunesi meðfram sjó suður fyrir Gufuneshöfða ofan á skolplögn sem þar er, í sjó þvert fyrir mynni Grafarvogs að Elliðaárósum og frá Elliðaárósum að áfyllingarstöð Olíufélagsins við Bíldshöfða. Fram kemur að á landi verði gaslögnin lögð á hefðbundinn hátt í jörð þar sem grafinn verði um 1 m djúpur skurður og botn hans þakinn sandlagi auk þess sem sandur yrði settur yfir lögnina ásamt jarðvegi. Í fjörunni yrði sömu

aðferðum beitt nema hvað fergja þyrfti lögnina að auki með grjóti til þess að hún haggist ekki í særóti. Í sjó yrði lögnin svo lögð á botninn með hefðbundnu steinsteyptu fargi.

Tilgangur með framkvæmdinni er að gera notkun og sölu metangas auðveldari og ódýrari til lengdar.

### **Áhrif á gróður, fugla og fiska.**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gróður muni raskast á 1,8 km löngu svæði og 5-6 m breiðu frá hreinsistöð Metans ehf. í Álfsnesi niður Gunnunes og að sjó, alls á um 10.000 m<sup>2</sup> svæði. Gert er ráð fyrir að gengið verði frá yfirborði þannig að upprunalegur gróður verði settur aftur yfir þar sem það er hægt.

Fram kemur að talsvert fuglalíf sé á lagnaleiðinni einkum þó umhverfis Leiruvog og Blikastaðakró. Gert sé ráð fyrir að framkvæmdin verði tímasett þannig að sem minnst röskun verði á fuglalífi, annað hvort síðla sumars eða snemma vetrar.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að lögnin muni liggja þvert fyrir Leiruvog þar sem tvær laxveiðiar eigi sér ósa, Leirvogsa og Úlfarsá, auk þess sem lögnin verði lögð framan við árósa Elliðaána. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á fisk vegna lagningar framan við Leiruvog en fyrir framan árósa Elliðaána þurfi að grafa lögnina niður á kafla við siglingarennu að Ártúnshöfða. Til að forðast áhrif á fisk vegna þessa sé gert ráð fyrir að tímasetja framkvæmdina þannig að hún hafi sem minnst áhrif, líklega snemma vetrar.

### **Áhrif á forn- og söguminjar.**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gaslögnin muni liggja um landsvæði sem tilheyrir jörðunum Ártúni, Gufunesi, Eiði, Sundakoti og Glóru. Leiðslan muni ekki hafa áhrif á fornleifar í Álfsnesi en muni vera innan varnarlínu við bæjarstæði Eiðis. Fram kemur að leiðslan muni hugsanlega skera traðir í Gufunesi en í Ártúnsholti sé ekki að vænta fornleifa. Við bæjarstæði Eiðis og í Gufunesi muni lögnin verða lögð sömu leið og núverandi skolplögn og muni því ekki raska landi umfram það sem þegar hefur verið gert.

Orkuveita Reykjavíkur telur að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi mjög lítil áhrif á umhverfið og álítur því ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt.**

Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Áhrif á lífríki.**

Í umsögn Landbúnaðarstofnunar kemur fram að almennt megi telja að framkvæmdin hafi lítil áhrif á hagsmuni í veiðimálum ef unnið verði við lagningu leiðslunnar í sjó utan veiðitíma í ám í nágrenni Reykjavíkur. Því þyrfti verktími á þessum svæðum að vera fyrir 15. maí eða eftir 15. september.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að lögnin muni fara um svæði sem eru mikilvæg fyrir fugla s.s. Blikastaðakró, Leiruvog og Gunnunes. Af þeim sökum sé mikilvægt að haga framkvæmdum með þeim hætti að það trufla fuglalíf sem minnst, annaðhvort síðla sumars eða snemma vetrar.

Í svari Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að fallist geti verið á þau tímamörk sem fram komi í umsögn Landbúnaðarstofnunar. Í svari við Umhverfisstofnun bendir Orkuveitan á að fyrirhugaður framkvæmdatími sé áætlaður snemma vetrar til að valda sem minnstri truflun á dýralífi.

### **Áhrif á náttúruminjar.**

Umhverfisstofnun bendir á að lögnin muni liggja um fjögur svæði sem eru á náttúruminjaskrá þ.e. Úlfársá og Blikastaðakró, Leiruvog, Gufuneshöfða og Elliðaárdal. Af þeim sökum þurfi að standa þannig að framkvæmdum að verndargildi þessara svæði verði ekki raskað.

### **Áhrif á menningarminjar.**

Fornleifavernd ríkisins telur mikilvægt að haft verði fullt samráð við Minjasafn Reykjavíkur um endanlega staðsetningu gaslagnarinnar og að tillit verði tekið til fornleifa sem kunna að verða á vegi hennar en í greinargerð Orkuveitunnar komi fram að hægt sé að hnika legu gaslagnarinnar til þannig að sneitt sé hjá fornleifum.

Í svörum Orkuveitunnar kemur fram að fyrirhugað sé að leggja lögnina sömu leið og skolplögn frá Staða-, Víkur- og Engjahverfum, þar sem hætta er talin á að raska fornminjum og komast þannig hjá frekara raski. Fram kemur að Orkuveitan geti fallist á þau tilmæli sem fram komi í umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

### **Gasleki**

Brunamálastofnun telur að fullyrða megi að ef lögn sem þessi rofni eða fari að leka geti það haft í för með sér veruleg áhrif á næsta umhverfi í formi sprengihættu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð gaslögn muni flytja nær hreint, þurrt metangas, en metangas hafi þann eiginleika að vera mun léttara en loft og stígi því hratt upp komi til leka eða rofs á lögninni. Ekki sé hægt að sjá hvernig gas sem læki úr svona gaslögn gæti safnast fyrir þannig að sprenging geti orðið. Komi til þess að leki verði úr lögninni sé möguleiki að vegna óhapps eða skemmdarverks kvikni í gasinu. Brennandi metan myndi þá koldíoxíð og vatnsgufu með mjög hreinum bruna þar til takmarkað gasmagn í lögninni væri búið. Komi leki að lögninni séu þó mestar líkur á að metanið leki út í andrúmsloftið og valdi gróðurhúsaáhrifum með sama hætti og það metan sem sleppur út frá urðunarstöðum almennt.

### **Frágangur**

Brunamálastofnun bendir á að mikilvægt sé að umhverfis lögnina sé skilgreint og merkt ákveðið öryggissvæði, 6-12 m eftir aðstæðum. Eins bendir stofnunin á að sá frágangur sem lýst sé í greinargerð framkvæmdaraðila standist ekki þær öryggisreglur sem settar eru við svona lagnir í nágrannalöndunum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að frágangi gaslagnarinnar hafi ekki verið lýst í smáatriðum í greinargerðinni enda hafi lögnin ekki verið hönnuð enn. Bent er á þá staðla sem stuðst verði við við hönnun lagnarinnar og í þeim komi m.a. fram lágmarksfjarlægðir frá gaslögn að öðrum lögnum og mannvirkjum. Eins komi þar fram hvernig gengið skuli frá merkingum lagnarinnar. Framkvæmdaraðili bendir einnig á að þegar hönnun lagnarinnar liggir fyrir muni hún með venjubundnum hætti verða borin undir Brunamálastofnun, Eldvarnareftirlit og Vinnueftirlit ríkisins.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða lagningu 10 km langrar og 10 cm breiðrar gasleiðslu til flutnings á metangasi

frá urðunarstað Sorpu í Álfsnesi, um Sorpu í Gufunesi og að metanáfyllingarstöð Olúfélagsins við Bíldshöfða. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin sem um ræðir er ekki umfangsmikil. Lögnin mun liggja um mismunandi svæði, þar á meðal um viðkvæm svæði sem m.a. eru á náttúruminjasrá. Skipulagsstofnun telur að verði gaslögnin lögð með þeim hætti sem lagt er til í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila megi gera ráð fyrir að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði minniháttar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að komið verði til móts við ábendingar í umsögnum Landbúnaðarstofnunar, Umhverfisstofnunar og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar um að haga tímasetningu framkvæmda þannig að fuglalíf og fiskur verði ekki fyrir áhrifum. Þannig yrði ekki framkvæmt á viðkvæmum svæðum fyrr en í byrjun vetrar eins og framkvæmdaraðili leggur einnig til í framlögðum gögnum. Skipulagsstofnun bendir á mikilvægi þess að haft verði samráð við Brunamálastofnun við fullnaðarhönnun lagnarinnar eins og fram kemur í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuveitu Reykjavíkur vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gaslögn frá Álfsnesi að Bíldshöfða í Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Einnig þarf samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og að auki skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. mars 2006.

Þóroddur Fr. Þóroddsson

Rúnar Dýrmundur Bjarnason

**Afrit.**

Umhverfisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Brunamálastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Landbúnaðarstofnun, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Umhverfisstofnun og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar.